

# Framleiðsluaukning í eldisstöð Arctic Smolt í Norður Botni, Tálknafirði

## Ákvörðun um matsskyldu

### 1 Inngangur

Þann 15. desember 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Arctic Smolt hf. um framleiðsluaukningu í eldisstöð Arctic Smolt hf. í Norður Botni, Tálknafirði, úr 1.000 tonna í 2.400 tonna hámarkslífmassa af laxa- og/eða regnbogasilungsseiðum, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Tálknafjarðarhrepps, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: 2.400 tonna hámarkslífmassi af laxa- og/ eða regnbogasilungsseiðum Arctic Smolt – Aukning um 1.400 tonna lífmassa. Fyrirspurn um matsskyldu. Arctic Fish. Desember 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Tálknafjarðarhreppi dags. 14. janúar 2022, Fiskistofu dags. 31. janúar 2022, Hafrannsóknastofnun dags. 21. janúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 21. janúar 2022, Matvælastofnun dags. 13. janúar 2022, Minjastofnun Íslands dags. 14. janúar 2022, Orkustofnun dags. 28. janúar 2022, Umhverfisstofnun dags. 28. janúar 2022 og Veðurstofu Íslands dags. 18. janúar 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 25. janúar, 2. febrúar, 4. febrúar, 22. febrúar, 23. febrúar, 24. febrúar, 29. mars, 31. mars, 1. apríl, 5. apríl, 26. apríl, 2. maí, 3. maí og 6. maí 2022.

### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Arctic Smolt hf. hefur starfsleyfi til framleiðslu á 1.000 tonnum af laxa- og regnbogasilungaseiðum á ári með 1.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Núverandi eldisstöð getur framleitt rétt rúmlega 500 tonn á ári og notar til þess 70-90 l/s af vatni sem fengið er úr borholum á svæðinu. Flatarmál bygginga er 11.000 m<sup>2</sup> og kerjarými 6.000 m<sup>3</sup>. Fyrirtækið er með áform um að byggja nýtt 4.200 m<sup>2</sup> eldishús með 7.200 m<sup>3</sup> kerjarými á milli núverandi bygginga sem mun gera eldisstöðinni kleift að framleiða þau 1.000 tonn sem núgildandi starfsleyfi heimilar. Seiðin fara í áframeldi í sjókvíum systurfélagsins, Arctic Sea Farm hf., en einnig hafa seiði verið seld til annarra eldisfyrirtækja.

Fyrirhugað er að auka umfang framleiðslunnar þannig að hámarkslífmassi á hverjum tíma verði 2.400 tonn. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að mæta þörf Arctic Sea Farm hf. til að vaxa samfara auknum leyfum til sjókvíaeldis. Framkvæmdin krefst nýbygginga með 14.800 m<sup>2</sup> grunnflöt og 14.800 m<sup>3</sup> kerjarými. Eftir framkvæmdir verður heildarflatarmál bygginga á svæðinu 30.000 m<sup>2</sup> og kerjarými 28.000 m<sup>3</sup>. Fram kemur að fyrirhugaðar byggingar verði staðsettar sunnan við



núverandi byggingar, á milli Bíldudalsveggar og sjávar. Engin ákvörðun hefur verið tekin um hvenær farið verður í uppbyggingu þessara mannvirkja en gert er ráð fyrir að framkvæmdir fari fram í nokkrum áföngum, í takt við aukna eftirspurn Arctic Sea Farm eftir seiðum til áframeldis. Við stækkunina eykst vatnsnotkun. Heildar vatnsnotkun við full afköst eldisstöðvar eftir stækkun er áætluð allt að 270-290 l/s, en framkvæmdaraðili áætla að 292 l/s af vatni séu þegar aðgengilegir til nýtingar í Norður Botni úr borholum og af yfirborði. Gert er ráð fyrir 95-99% endurnýtingu vatns með RAS tækni. Frárennsli verður hreinsað með tromlusíu og geislað áður en því er veitt til sjávar út fyrir stórstraumsfjöru.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Arctic Smolt hf. og umsögnum umsagnaraðila.

### Vatnstaka

Í greinargerð Arctic Smolt kemur fram að eldisstöðin hafi áður fyrr verið rekin sem gegnumstreymisstöð. Þá hafi notkun á vatni verið allt upp í 400 l/s og ekki hafi verið að sjá eða finna að það hafi raskað möguleikum til vatnsöflunar eða vatnsbúskap svæðisins. Áhrif á grunnvatn séu því ekki talin líkleg.

Hafrannsóknastofnun bendir á að áætluð heildar vatnsnotkun (270-290 l/s) sé nálægt því að fullnýta allt aðgengilegt vatn á svæðinu (292 l/s) og ekki megi mikið út af bregða t.d. með þurrkatíð, svo að vatn verði af skornum skammti. Hluti vatnsins sé yfirborðsvatns úr Keldeyrará (100 l/s), Reyðarlæk (15 l/s) og hvítum kassa (9 l/s). Þurrkar hafi neikvæð áhrif á framboð yfirborðsvatns eins og í þessum straumvötnum sem nefnd voru.

Í svörum Arctic Smolt kemur fram helmingur vatnsöflunar, eða 150 l/s, geti mögulega komið úr yfirborðsvatni. Bent er á að 270-290 l/s vatns verði ekki notaðir allan ársins hring heldur sé það mesta mögulega nýting þegar lífmassi í stöðinni sé mestur. Arctic Smolt sé með viðbragðsáætlun vegna óvæntrar stöðvunar á rekstri sem gæti nýst sem viðbragð við vatnsleysi, en mikil þekking hafi skapast á vatnsbúskapi í Norður Botni og ekki talin ástæða til að búast við vatnsskort. Arctic Smolt bendir einnig á að árið 2020 hafi verið mikill þurrkur á Vestfjörðum og þornaði Botnsá nær upp. Þrátt fyrir þessa þurrkatíð hafi ekki orðið vart við nokkurn vatnsskort í stöðinni. Þá sé seiðaeldi þannig að mestur lífmassi verði ávallt á vorin og þar af leiðandi mest vatnsnotkun.

Veðurstofa Íslands bendir á að ekki kemur fram í greinargerðinni hversu langan tíma vatnstaka á svæðinu nam 400 l/s og hvort hún hafði áhrif á sjálfbærni grunnvatnsgeyma. Bent er á að innbyrðis áhrif milli hola séu óþekkt og einnig hver og hve mikil niðurdráttaráhrifin eru. Holurnar eru lágt yfir sjávarmáli og niðurdráttur getur því valdið hættu á saltmengun. Mikilvægt er að gera grein fyrir ástandi og mögulegum niðurdrætti viðkomandi grunnvatnsgeyma. Þá bendir Veðurstofan á að samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skal tryggja vistfræðilega gott ástand rennandi yfirborðsvatns. Fullnýting rennandi yfirborðsvatns þarfnast því skoðunar í því samhengi.

Í svörum Arctic Smolt kemur fram að töluverð reynsla sé komin af vatnstöku úr borholunum. Hægt sé að fylgjast með niðurdrætti og hraða dælingar í rauntíma og sjá áhrif milli hola. Einnig sé vel fylgst með seltumagni úr holunum ásamt steinefnum og örverum.

Til að tryggja vistfræðilega gott ástand rennandi vatns hefur Arctic Smolt sett fram viðmið um hámarks vatnstöku við mismunandi vatnsrennsli í Keldeyrará (sjá töflu 1).



Tafla 1 Áformuð hámarks vatnstaka Arctic Smolt úr Keldeyrará við mismunandi rennsli árinna. Til samanburðar hefur lágmarksrennsli árinna verið mælt 50 l/s.

Vatnsrennsli Keldeyrará (l/s)	Hámarks vatnstaka (l/s)
>300	100
200-300	80
100-200	50

### Villtir stofnar og lífríki sjávar

Í greinargerð Arctic Smolt kemur fram að seiðaeldisstöðin sé með lokað kerfi með margfaldri síun og því nær ómögulegt að seiði geti sloppið úr stöðinni. Smithætta inn og út úr stöðinni sé einnig talin lítil. Sjúkdómar hafi ekki komið upp í eldisstöðinni síðan byrjað var að nýta endurnýtingarkerfið að fullu en allt nýtt vatn sé geislað (UV) áður en það fari inn í eldiskerfið. Áhrif seiðaeldis með endurnýtingarkerfi á landi á lífríki sjávar, Botnsár og villta stofna laxfiska séu talin hverfandi sé öllum kröfum um frárennsli fylgt.

Í umsögn Tálknafjarðarhrepps er bent á að fullvissa þurfi að vera fyrir því að mengun vegna frárennslis sé innan þeirra marka sem ásættanleg eru talin í þeim lokaða firði sem Tálknafjörður er.

Í svörum Arctic Smolt er bent á að straumstyrkur haldi sér allt inn í fjarðarbotn og eldisstöðin sé með eina fullkomnustu endurnýtingu vatns og hreinsun sem fyrir finnst. Bent er á að nær eingöngu er um að ræða aukningu á losun köfnunarefnis sem sé þó innan við mörk WHO fyrir drykkjarvatn.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að aukinn styrkur næringarefna eins og nítrats og fosfats geti aukið á vöxt svifþörungna í Tálknafirði. Gæta þurfi þess að losun vegna starfsemi stöðvarinnar muni ekki valda það miklu álagi á vatnshlotið að ástand þess hnigni vegna starfseminnar með tilliti til lífríkis og efnasamsetningu vatnsins. Það er í samræmi við lög um stjórn vatnamála (nr. 36 / 2011).

Í svörum Arctic Smolt kemur fram að losun á næringarefnum er skilyrt í starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt gildandi vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun á að mæla svifagnir og lífrænt efni í frárennsli og rannsaka botn á a.m.k. þriggja ára fresti. Til greina kemur að taka reglulega sjósýni við frárennslislögn þar sem mælt er heildar fosfór og köfnunarefni, líkt og gert er í sjókvíaeldi. Arctic Smolt mun óska eftir frekari leiðbeiningum frá Hafrannsóknarstofnun vegna framkvæmdar þeirrar sýnatöku og bæta í vöktunaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að gerðar voru sex athugasemdir við starfsemi Arctic Smolt í Tálknafirði í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar. Meðal annars að skráningu á losun næringarefna væri ábótavant og að ekki væri ljóst hvort Arctic Smolt starfaði innan marka starfsleyfis síns hvað varðar losun næringarefna. Einnig að tryggja þyrfti virkni hreinsibúnaðar þ.e. tæma þyrfti hreinsitjörn á a.m.k. þriggja ára fresti. Fyrsta hreinsun tjarnarinnar átti að fara fram í maí 2020 en þegar skýrslan var skrifuð (2021) hafði það ekki verið gert. Ummerki voru um að hreinsun hafi ekki verið í fullri virkni þegar eftirlitið fór fram. Hafrannsóknastofnun bendir á að afar mikilvægt sé að fylgja þeim kröfum sem settar eru í starfsleyfi til þess að draga úr líkum á neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið.

Í svörum Arctic Smolt kemur fram að öll frávik hafa verið leyst nema eitt. Það snýr að frárennslislögn sem Umhverfisstofnun hefur nú gefið heimild til að leggja.



## Leirur

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að talsverðar leirur eru í fjarðarbotninum sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Ef gert er ráð fyrir röskun á leirunum þurfi því að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið. Vegna nálægðar eldisins við leirurnar í fjarðarbotninum telur Umhverfisstofnun mikilvægt að leitað sé eftir álitum frá Náttúrufræðistofnun Íslands á áhrifum eldisins og stækkun þess á leirurnar og hvort ástæða þyki til að gera frekari rannsóknir á lífríki leiranna.

Í svörum Arctic Smolt er bent á að fráveituvatni frá stöðinni hefur verið veitt á leirurnar um árabíl. Frávik hefur verið skráð hjá Umhverfisstofnun vegna þessa. Umhverfisstofnun hefur með bréfi dags. 28. mars sl. veitt fyrirtækinu heimild til að leggja nýja fráveitulögn út í sjó. Áætlað er að þeim framkvæmdum ljúki sumarið 2022. Telur fyrirtækið að áhrif stækkunarinnar á leirurnar verði engin, þar sem aukin framleiðsla mun ekki koma til fyrr en eftir að frárennsli hefur verið byggt út í fjörðinn.

## Menningarminjar

Fram kemur í greinargerð Arctic Smolt að fornleifakönnun hafi farið fram á svæðinu árið 2012. Til eru heimildir um 22 minjastaði á jörðinni en einungis hefur verið hægt að staðsetja 7 þeirra. Í vettvangskönnun bættust þrjú staðir við sem engar heimildir eru til um. Við undangengnar framkvæmdir Arctic Smolt í Norður Botni var framkvæmdasvæði fært fjær minjastöðum og horfið var frá upphaflegum áformum, meðal annar til að minnka hættu á frekara raski. Sá háttur verður hafður á, sé hætta á slíku raski við frekari stækkun stöðvarinnar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að gera þarf grein fyrir fornleifum og mögulegum áhrifum á þær þegar unnin verður tillaga að deiliskipulagi svæðisins.

Í svörum Arctic Smolt kemur fram að þetta hefur þegar verið gert í skipulags og matslýsingu frá árinu 2020 um breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breytingu á deiliskipulagi Norður Botns.

## Ásýnd

Fram kemur í greinargerð Arctic Smolt að núverandi mannvirki séu 11.000 m<sup>2</sup> og því nokkuð áberandi í landslaginu og sjáist vel, m.a. frá þjóðvegi nálægt svæðinu. Eldisstöðin sé staðsett innst í botni fjarðarins og þar af leiðandi fljót að hverfa úr augnsýn vegfarenda. Fyrirhugaðar byggingar verði áþekkar að stærð og lögun og þær sem fyrir standa. Aukið byggingamagn kann að auka sýnileika bygginga og verða þ.a.l. meira áberandi.

## Loftgæði og hljóðrask

Samkvæmt greinargerð Arctic Smolt megi gera ráð fyrir mjög tímabundnu hljóðraski þegar gröfur og flutningabílar eru við störf, eins og almennt þekkist á iðnaðarsvæðum. Arctic Smolt muni halda slíku raski í algjöru lágmarki. Óhjákvæmilega fylgir þessum framkvæmdum á sama tíma aukin umferð um svæðið og verður farið eftir viðmiðunarmörkum reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Starfsemi seiðaeldisstöðvarinnar muni ekki skerða loftgæði. Úrgangur verði fluttur reglulega frá stöðinni til að koma í veg fyrir lyktarmengun.

## Dýralíf og gróður

Fram kemur í greinargerð Arctic Smolt að jarðvegsrask muni eiga sér stað á byggingartíma. Stækkun seiðaeldisstöðvar þykir ekki líkleg til að hafa áhrif á dýralíf svæðisins, nema rétt á meðan framkvæmdum stendur og mun áhrifa gæta á verulega afmarkað framkvæmdasvæði.



## Samfélag

Í greinargerð Arctic Smolt kemur fram að íbúum á Tálknafirði hafi tekið að fjölga á ný eftir að fiskeldi hófst á svæðinu og hefur fjölgað um rúmlega 10% á síðustu 10 árum. Framkvæmdir í Norður Botni skapi ný störf á sunnanverðum Vestfjörðum á meðan á uppbyggingu stendur. Gera megi ráð fyrir því að framkvæmdir hafi í för með sér aukin umsvif fyrir verktaka og seljendur vöru og þjónustu á svæðinu. Til lengri tíma skapast ný langtímastörf við eldið sjálft auk afleiddra starfa.

## Náttúruvá

Í greinargerð Arctic Smolt kemur fram að fyrir liggur staðbundið hættumat frá Veðurstofu Íslands vegna ofanflóðahættu í Norður Botni. Telur stofnunin að fyrirhugaður byggingarreitur sem er afmarkaður í breyttu deiliskipulagi standist hættumat fyrir atvinnuhúsnæði.

Fram kemur að seiðaeldisstöðin er í um 5 m.y.s. og þykir sú hæð nægileg til að komast hjá hættu sem stafar af hækkun sjávarborðs m.t.t. eðlilegs líftíma mannvirkja.

## 5 Skipulag og leyfi

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Tálknafjarðarhrepps skv. 13. gr. skipulagslaga, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi og sbr. reglugerð um byggingarleyfi. Framkvæmdin er einnig háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá er nýting grunnvatns háð leyfi Orkustofnunar samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Framkvæmdin er háð ýmsum leyfum sem Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gefur út.

Framkvæmdin er ekki í samræmi við gildandi Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps og deiliskipulag fyrir Norður Botn. Breyting á aðalskipulagi er í ferli og þarf bæði sú breyting og breyting á deiliskipulagi, þar sem gert er ráð fyrir áætluðu framleiðslumagni, byggingarmagni o.fl., að hafa tekið gildi áður en sveitarstjórn samþykkir og gefur út framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða framleiðsluaukningu í eldisstöð Arctic Smolt hf. í Norður Botni, Tálknafirði, úr 1.000 í 2.400 tonna hámarkslífmassa af laxa- og/eða regnbogasilungsseiðum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.09 og 13.02? í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengunar, ónæðis, hættu á stórslysum og/eða náttúruhamförum sem varða framkvæmdina og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin kemur til með að auka framleiðslugetu eldisstöðvar Arctic Smolt í Norður Botni í 2.400 tonna hámarkslífmassa. Framkvæmdin krefst 14.800 m<sup>2</sup> af nýbyggingum. Umfang mannvirkjagerðar verður því að teljast nokkurt. Vatnstaka úr borholum og af yfirborði mun einnig aukast og er heildar vatnsnotkun eftir stækkun áætluð allt að 270-290 l/s. Eldið fer fram í lokuðu kerfi og er gert ráð fyrir 95-99% endurnýtingu vatns í eldiststöðinni með RAS tækni. Frá eldinu fellur til lífrænn úrgangur en frárennsli verður hreinsað með tromlusíu og geislað áður en því er veitt til sjávar. Í umsögn Veðurstofu Íslands er bent á að notkun endurnýtingarkerfa eins og RAS dragi úr



álagi á bæði vatnsveitu og viðtaka. Framkvæmdin mun hafa samlegðaráhrif á umhverfi með undangenginni uppbyggingu í eldisstöðinni.

### **Staðsetning framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á svæði sem hefur verið skilgreint sem iðnaðarsvæði og ber merki mannlegra umsvifa þar sem fyrir er fiskeldi með tilheyrandi mannvirkjagerð. Þá liggur Bíldudalsvegur við framkvæmdasvæðið. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er bugðupuntsvist ríkjandi á svæðinu, en vistgerðin hefur hátt verndargildi. Á svæðinu er einnig skráð gulstararflóavist en sú vistgerð hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Samkvæmt vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd finnast sjávarfitjar og 10-25°C heit volgra við svæðið. Þá eru tæplega 28 ha leirur í fjarðarbotninum sem einnig njóta sérstakrar verndar. Þessum náttúrufyrirbærum ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

#### *Ásýndaráhrif*

Skipulagsstofnun telur að ný mannvirki tengd aukinni framleiðslu komi til með að hafa í för með sér neikvæð sjónræn áhrif. Að framkvæmdum loknum verður flatarmál bygginga á svæðinu tæplega þrefalt meira en það er í dag. Nýju mannvirkin verða staðsett milli fjöru og þjóðvegjar, líkt og núverandi eldisstöð, og gera starfsemina enn meira áberandi vegna umfangs nýrra bygginga. Vegna nálægðar við þjóðveg og þéttbýli má jafnframt gera ráð fyrir að margir verði fyrir áhrifum.

Framkvæmdaraðili leggur ekki fram mótvægisáðgerðir til að draga úr ásýndaráhrifum. Skipulagsstofnun telur að full ástæða sé til að vandað sé til allrar hönnunar mannvirkja og umhverfis þeirra, svo byggingar og önnur mannvirki valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum og sómi sér sem best í landi. Að mati Skipulagsstofnunar er mikilvægt að í deiliskipulagi verði lögð áhersla á vandaða hönnun mannvirkja, umhverfismótun og góðan frágang lóðar en slíkar áherslur í deiliskipulagi og samsvarandi kvaðir í framkvæmda- og byggingarleyfum eru líklegar til að draga mjög úr ásýndaráhrifum framkvæmdarinnar.

Þá telur Skipulagsstofnun ástæðu til að nefna að uppbygging eldisstöðvarinnar hefur staðið yfir í nokkur ár og hefur umgengi um svæðið ekki alltaf verið til fyrirmyndar á þeim tíma. Í ljósi þess að uppbygging frekari áfanga kemur til með að standa yfir í einhver ári til viðbótar bendir Skipulagsstofnun á mikilvægi þess að huga vel að umgengi á lóð fyrirtækisins á framkvæmdatíma.

#### *Áhrif á gróður og vistgerðir á landi*

Vegna umfangs mannvirkja má gera ráð fyrir nokkru raski á gróðri og vistgerðum á landi. Áformað framkvæmdasvæði ber ummerki fyrri framkvæmda, t.a.m. eldistjarna, slóðagerðar, skurðagerðar og landbúnaðar. Eins og fyrr segir er skv. vefsíðu Náttúrufræðistofnunar að finna vistgerðir með hátt



verndargildi á framkvæmdasvæðinu auk vistgerða á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Rask á framangreindum vistgerðum telst ekki mikið og er um að ræða vistgerðir sem eru útbreiddar á lands- eða svæðisvísu. Að mati Skipulagsstofnunar eru áhrif á vistgerðir og gróður því ekki líkleg til að verða umtalsverð.

#### *Áhrif á viðtaka og leirur*

Við stækkun stöðvarinnar mun aukinn úrgangur koma frá stöðinni og álag á viðtaka vegna losunar á lífrænum úrgangi því aukast miðað við það sem nú er. Í umsögn sinni bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að losun mengunarefna og áhrif losunar séu vöktuð og að gera megi ráð fyrir að við útgáfu eða breytingu á starfsleyfi verði áfram ákvæði um vöktunaráætlun líkt og á við um núverandi leyfi. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar og telur að í starfsleyfi þurfi að setja skilyrði um reglubundið eftirlit með virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna og ástandi viðtaka. Að teknu tilliti til áforma framkvæmdaraðila um meðhöndlun á frárennsli og að í starfsleyfi verður kveðið á um vöktun á losun og áhrifum á viðtaka telur Skipulagsstofnun að áhrif frárennslis á viðtaka verði óveruleg.

Líkt og fram hefur komið þá bendir Umhverfisstofnun á það í umsögn sinni að ef tillagan geri ráð fyrir röskun á leirum í botni fjarðarins þurfi að rökstyðja þá ákvörðun. Skipulagsstofnun bendir á að útrásarlögnin hefur hlotið meðferð á grundvelli þágildandi laga nr. 106/2000. Sú stækkun á eldisstöðinni sem ákvörðun þessi tekur til felur ekki í sér rask á leirum. Að mati Skipulagsstofnunar er framkvæmdin ólíkleg til að hafa umtalsverð áhrif á náttúrufyrirbæri sem njóta verndar á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd.

#### *Áhrif á grunn- og yfirborðsvatn*

Framleiðsluaukningunni fylgir aukin vatnsnotkun. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna að óvíst sé hvort unnt sé að framleiða 2.400 tonn með þeirri vatnstöku sem áætluð er, m.a. í ljósi þess að framleiðslumagn þarf að taka mið af mögulegu vatnstökumagni. Vatnspörf stöðvarinnar verður þó mest á þeim tíma árs þegar rennsli vatns ætti að vera hvað mest. Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar þurfi að setja skilyrði um hámarks vatnstöku grunn- og yfirborðsvatns auk vöktunar. Viðmið fyrir hámarks vatnstöku yfirborðsvatns þurfi að taka mið af rennsli Keldeyrarár, sbr. töflu 1. Skipulagsstofnun beinir því einnig til Orkustofnunar að meta hvort ástæða sé til að setja skilyrði um niðurdrátt í borholum í nýtingarleyfi.

#### *Áhrif á villta fiska*

Framleiðsluaukningin þýðir að seiðum í eldisstöðinni mun fjölga til muna. Það er því mikilvægt að huga vel að vörnum gegn slysasleppingum til að draga úr líkum á neikvæðum áhrifum vegna erfðablöndunar eldislax við villta laxastofna. Í umsögn Fiskistofu er bent á að huga þurfi sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Bendir stofnunin á að í greinargerðinni kemur fram að í stöðinni sé lokað kerfi með margfaldri síun og því nær ómögulegt að seiði geti sloppið úr stöðinni. Telur Fiskistofa litlar líkur á því að fiskar muni berast frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi. Skipulagsstofnun tekur undir álit Fiskistofu en beinir því jafnframt til Matvælastofnunar að meta hvort ástæða sé til að setja skilyrði um reglubundið eftirlit með virkni sleppivarna í rekstrarleyfi.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 25. júlí 2022.



Reykjavík, 22. júní 2022

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir